

Söfnun gagna vegna uppbyggingar á nafnlausu gagnasafni fyrir þróun á sjálfvirkum akstri (í boði í tilteknum gerðum og með tilteknum útbúnaði)

I. Ábyrgur aðili

Með þessari yfirlýsingu um gagnavernd upplýsum við þig um söfnun, vinnslu og notkun persónuupplýsinga þinna hjá

Volkswagen AG
Berliner Ring 2
38440 WOLFSBURG
ÞÝSKALANDI

kundenbetreuung@volkswagen.de

skráð í fyrirtækjaskrá héraðsdóms í Braunschweig með nr. HRB 100484 („Volkswagen AG“), ef valið er að senda gögn til að byggja upp nafnlaust gagnasafn fyrir rannsóknir og þróun á sjálfvirkum akstri.

II. Nánari upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga

Upphleðsluaðgerðin er notuð til að safna mæligögnum frá skynjurum bílsins. Þessi mæligögn eru flutt yfir á gagnabjón (sjá að ofan, A.V.1. „Gagnabjónn“) þar sem þau eru tafarlaust gerð ópersónugreinanleg og síðan nýtt af Volkswagen og samstarfsaðilum þess við rannsóknir og þróun á sjálfvirkum akstri. Mæligögnin samstanda af tveimur gagnaflokkum:

a. Gögn sem gefa mynd af áhrifum á bílinn:

• Staðsetning og tímastimpill bílsins:

- Staðsetning bílsins
- Tími mælingar
- Upplýsingar um hreyfingu miðað við afstöðu (t.d. snúningur dekkja, staða stýris, hraði og hraðaaukning bílsins)
- Drifupplýsingar sem tengjast hreyfingum bílsins (t.d. tog vélarinnar, snúningshraði, hemlun)
 - Greining nánasta umhverfis bílsins með eftirfarandi skynjurum:
- myndavélarskynjurum (t.d. greind skilti, akreinar, staðbundnir hlutir og hlutir á hreyfingu (hins vegar engar myndir eða myndbönd))
- radarskynjurum (t.d. endurkast frá kyrrstæðum hlutum, hlutir á hreyfingu sem greinast)
- úthljóðsskynjurum (t.d. fjarlægð frá hlutum til hliðar)
- loftslag, regn, ljós (t.d. hitastig, úrkoma, birtustig)
 - Greind umferðarskilyrði:
- Hættulegir staðir í nágrenninu (t.d. endi umferðarteppu, slys, bilanir)
- Ástand vega (t.d. núningsgildi, lega vegar)

b. Gögn sem gefa mynd af því hvernig ökumaður vill stjórna bílnum:

• Greint atferli ökumanns:

- Stjórnunarhreyfingar ökumanns (t.d. stýrishreyfingar, hemlar, inngjöf)
- Notkun kerfa í bílnum sem hafa áhrif á aksturshreyfingar (t.d. girskipting, notkun akstursaðstoðarkerfa, notkun öryggiskerfa)
- Staða og inngrip eiginleika sem aðstoða við akstur (t.d. inngrip hraðastillis, nauðhemlun, bílastæðaaðstoð)

Eingöngu er safnað gögnum sem eru nauðsynleg fyrir rannsóknir og þróun á eiginleikum fyrir hálf- og alsjálfvirkan akstur. Á grundvelli samninga sem tryggja fullnægjandi gagnavernd er nafnlaus mæligögnunum einnig miðlað til samstarfsaðila Volkswagen sem nýta þau einnig við rannsóknir og þróun á sjálfvirkum akstri.

Á grundvelli þessara gagna er búið til hermiumhverfi sem gerir kleift að prófa sjálfvirka aksturseginnleika við raunhæf skilyrði og hægt er að bera saman við atferli raunverulegs ökumanns. Þar sem það þarf marga milljarða prófunarkílómetra til að geta tryggt að sjálfvirk stýring ökutækja virki er nauðsynlegt að fylla gagnasafnið með raunverulegum gögnum. Aðeins með þessum hætti er hægt að skrá allar útgáfur af umferðaraðstæðum til að tryggja að sjálfvirkar akstursaðgerðir í framtíðinni verði nógu góðar og öruggar til þess að geta tekið réttar ákvarðanir og þannig verði hægt að tryggja öryggi farþega.

Gögnin sem er aflað eru send til gagnþjóns þar sem þau eru gæðaprófuð og síðan gerð nafnlaus strax í kjölfarið. Gögnin eru einungis geymd á gagnþjóninum í að hámarki tuttugu og fjórar (24) klukkustundir til að gera þau nafnlaus og framkvæma gæðaprófun. Að því loknu er upprunalegu gögnunum úr bílnum eytt að fullu. Ferlið við að gera gögnin ópersónugreinanleg er reglulega endurskoðað og þróað áfram með tilliti til afkasta og skilvirkni með hliðsjón af nýjustu rannsóknunum og tækni.

III. Lagagrundvöllur og lögmætir hagsmunir

Söfnun gagna úr bílnum byggir á lagalegum grundvelli lögmætra hagsmuna (f-liður 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar). Aðeins er hægt að ná þeim markmiðum sem nefnd eru hér að ofan til rannsókna, þróunar og til að tryggja öryggi sjálfvirkra aðgerða í akstri með því að hafa aðgang að miklu magni gagna sem endurspeglar sem fjölbreyttastar umferðaraðstæður í raunverulegum akstri. Í þessu tilviki dugur hefðbundinn prófunarakstur ekki lengur til. Gögnin verða að endurspeglar mjög mismunandi aðstæður, þar sem reikniritin geta aðeins skráð umhverfis- og umferðaraðstæður í raunverulegum akstri. Auk þess dugur ekki í þessu tilviki að kaupa bara gögn, þar sem slík gögn eru ekki til að nægum gæðum og verða úrelt eftir mjög skamman tíma. Af þessum sökum hefur Volkswagen lögmæta hagsmuni af því að vinna úr gögnum og nota þau til að byggja upp ópersónugreinanlegt gagnasafn.

IV. Upphaf og tímalengd gagnasöfnunar

Gagnamiðlun er ekki virkjuð í verksmiðju, heldur hefst fyrst þegar notandi skráir sig sem virkan We Connect-aðalnotanda. Hægt er að kveikja og slökkva á upphleðslu gagna beint með sleðanum „Þróun sjálfvirkis aksturs“ í friðhelgisstillingunum. Ennfremur er öll miðlun gagna háð persónuverndarstillingum. Upphleðsla gagna er einungis virk þegar stillingarnar „Nota staðsetningu“ og „Deila staðsetningu“ eru virkar. Ef skipt er um notanda, sem er með kveikt á aðgerðinni „Þróun sjálfvirkis aksturs“ yfir í notanda með slökkt á aðgerðinni, þegar bíllinn er í gangi getur verið að grindarnúmerið og Volkswagen UserID verði sent einu sinni til Volkswagen og byggir það á lögmætra hagsbuna (f liður 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar). Sendu upplýsingarnar eru ekki vistaðar.

V. Viðtakendur upplýsinga

1. Gagnþjónar

Aðeins er unnið með gögnin á netþjónum eftirfarandi þjónustuaðila á okkar vegum og samkvæmt okkar fyrirmælum:

CARIAD SE
Berliner Ring 2
38440 WOLFSBURG
ÞÝSKALANDI

Audi AG
Auto-Union-Straße 1
85057 INGOLSTADT
ÞÝSKALANDI

Amazon Web Services, Inc. („AWS“)
410 Terry Ave. North
SEATTLE WA 98109
BANDARÍKJUNUM

2. Þjónustuaðilar á sviði upplýsingatækni

Við nýtum okkur jafnframt þjónustuaðila á sviði upplýsingatækni. Hann aðstoðar okkur meðal annars við að sinna viðhaldi á tölvukerfum okkar og að veita tækniþjónustu. Fáir þjónustuaðilinn aðgang að persónuupplýsingunum þínum vinnur hann eingöngu úr þeim fyrir okkur og samkvæmt okkar fyrirmælum.

Hexad GmbH
Porschestraße 58
38440 WOLFSBURG
ÞÝSKALANDI

3. Miðlun á persónuupplýsingum í þriðju löndum

Volkswagen AG sendir einnig persónuupplýsingar þínar til viðtakenda og vinnsluaðila með höfuðstöðvar utan Evrópusambandsins í þeim tilgangi sem fjallað er um í þessari gagnaverndaryfirlýsingu. Til að tryggja fullnægjandi vernd persónuupplýsinga þinna gerir Volkswagen AG staðlaða samninga við þessa viðtakendur. Auk þess er – að því marki sem gildandi gagnaverndarlög krefjast – gripið til frekari verndarráðstafana (t.d. dulkóðunar og frekari samningsskilmála) til að tryggja viðeigandi vernd persónuupplýsinga þinna. Finna má staðlaða samningsskilmála ESB, sem notaðir eru, á veffanginu <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/DE/TXT/?uri=CELEX%3A32010D0087>.

VI. Réttindi þín

Þú getur hvenær sem er nýtt þér eftirfarandi rétt þinn gagnvart Volkswagen AG þér að kostnaðarlausu. Þetta gildir einnig í þeim tilvikum þar sem við berum sameiginlega ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga með öðrum fyrirtækjum. Nánari upplýsingar um hvernig þú getur neytt réttar þíns er að finna á vefsíðunni <https://datenschutz.volkswagen.de/>.

1. Réttur til aðgangs að upplýsingum

Þú hefur rétt á að óska eftir því að fá staðfestingu á því hvort við vinnum úr persónuupplýsingum sem varða þig og þá hvaða persónuupplýsingar er um að ræða sem og til að fá upplýsingar um til hvaða þriðju aðila innan og utan Evrópusambandsins persónuupplýsingum þínum hefur verið miðlað. Þú hefur jafnframt rétt á að fá frá okkur afrit af þeim persónuupplýsingum sem við höfum unnið með.

2. Réttur til leiðréttingar

Þú hefur rétt á að fara fram á að við leiðrétum rangar eða ófullnægjandi persónuupplýsingar um þig.

3. Réttur til eyðingar

Þú hefur rétt á að fara fram á að upplýsingum um þig sé eytt, að uppfylltum skilyrðum 17. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar. Þú getur þá til dæmis farið fram á að upplýsingum um þig sé eytt ef þær eru ekki lengur nauðsynlegar í þeim tilgangi sem lá að baki söfnun þeirra. Þú getur einnig farið fram á að upplýsingum sé eytt ef vinnsla okkar á upplýsingunum byggist á samþykki þínu og þú dregur samþykki þitt til baka.

4. Réttur til takmörkunar á vinnslu

Þú hefur rétt á að fara fram á að vinnsla persónuupplýsinga þinna verði takmörkuð þegar skilyrði 18. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar eiga við. Um slíkt er meðal annars að ræða þegar þú vefengir að persónuupplýsingar þínar séu réttar. Þú getur þá farið fram á að vinnsla persónuupplýsinga þinna sé takmörkuð þar til staðfest hefur verið að þær séu réttar.

5. ANDMÆLARÉTTUR

Þú hefur rétt til að andmæla vinnslu persónuupplýsinga þinna í eftirfarandi tilvikum:

- **Ef vinnslan fer fram í þágu beinnar markaðssetningar (þ.m.t. gerð persónusniðs í tengslum við beina markaðssetningu).**
- **Ef eftirfarandi lagagrundvöllur er fyrir vinnslunni (þ.m.t. gerð persónusniðs):**

o Vinnslan er nauðsynleg vegna verkefnis sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds sem okkur hefur verið falið (e-liður 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar).

o Vinnslan er nauðsynleg til þess að verja lögmæta hagsmuni okkar eða þriðja aðila (f-liður 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar) og við getum ekki sýnt fram á mikilvægar lögmætar ástæður fyrir vinnslunni sem vega þyngra en hagsmunir, réttindi og frelsi þitt, eða að vinnslan fari fram í því skyni að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur. Ef þú andmælir vinnslu persónuupplýsinga þinna biðjum við þig að tilgreina ástæðurnar fyrir andmælunum.

6. Réttur til að flytja eigin gögn

Ef vinnsla persónuupplýsinga byggist á samþykki eða samningi og er jafnframt sjálfvirk hefur þú rétt á að fá persónuupplýsingar þínar á skipulegu, algengu, tölvulesanlegu sniði og senda þær til annars ábyrgðaraðila. Þú hefur einnig rétt á að fara fram á að við sendum persónuupplýsingar þínar beint til annars ábyrgðaraðila.

7. Réttur til að falla frá samningi

Ef vinnsla persónuupplýsinganna byggist á samþykki hefur þú hvenær sem er rétt á að draga samþykki þitt til baka með framvirkum hætti, þér að kostnaðarlausu, með því að senda tölvupóst á info-datenschutz@volkswagen.de, datenschutz@volkswagen.de eða með því að nota samskiptaupplýsingarnar í útgáfuupplýsingunum.

8. Réttur til að leggja fram kvörtun

Þú hefur jafnframt rétt á að leggja fram kvörtun hjá eftirlitsyfirvaldi (t.d. Persónuvernd á Íslandi) vegna vinnslu okkar á persónuupplýsingum þínum.

VII. Tengiliðir þínir

1. Tengiliðir þínir vegna nýtingar réttar þíns

Tengiliðir vegna nýtingar réttar þíns og frekari upplýsinga koma fram á vefsíðunni <https://datenschutz.volkswagen.de/>.

2. Persónuverndarfulltrúi

Persónuverndarfulltrúi okkar er tengiliður þinn vegna málefna sem tengjast persónuvernd:

Datenschutzbeauftragter der Volkswagen AG
Berliner Ring 2
38440 WOLFSBURG
ÞÝSKALANDI
datenschutz@volkswagen.de